

Mosfellsbæ, 7. febrúar 2013
nr. erindis 201302076 ás

Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar
b.t. Rannveigar Einarsdóttur sviðsstjóra
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Erindi barst frá Skálatúnsheimilinu á s.l. ári þar sem boðið er fram húsnæði á lóð heimilisins sem nota mætti undir skammtímavistun eða skylda starfsemi. Eftir umræður á vettvangi samráðshóps framkvæmdastjóra félagsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, mats- og inntökuteymis á vegum hans, í stjórnýsli Mosfellsbæjar og meðal fulltrúa hagsmunasamtaka fatlaðs fólks hafa mál þróast á þann veg að Mosfellsbær kannar nú til hlítar þann kost að bæjarfélagið taki húsnæðið á leigu og komi þar á skammtímavistun.

Fyrirhugað er að skammtímavistun þessi, ef af verður, verði starfrækt á vegum fjölskyldu- sviðs Mosfellsbæjar sem beri þar með á henni faglega og fjárhagslega ábyrgð, ráði fólk til starfa og annist allan rekstur. Leigusamningur um húsnæðið verði gerður við Skálatúns- heimilið sem myndi búa það til notkunar.

Í boði er 250 m² húsnæði þar sem áður var vistheimilisdeild fyrir fatlað fólk. Húsnæðið yrði gert upp og lagað að því að rými yrði fyrir sex notendur. Það yrði gert í fullu samráði við fulltrúa Mosfellsbæjar sem tryggir að öll aðstaða yrði í samræmi við þær kröfur sem gera verður fyrir starfsemi sem þessa. Leitað yrði ráðgjafar í því skyni eftir því sem þurfa þykir.

Húsnæðið er í suðvestur jaðri lóðar Skálatúnsheimilisins og er gert ráð fyrir aðkomu af bíla- stæði við sundlaug sem þar er.


Samkvæmt úttekt ofangreinds mats- og inntökuteymis er brýnust þörf um þessar mundir fyrir skammtímavistun sem felst í tveggja vikna samfelldri dvöl í hverjum mánuði. Yrði komið til móts við þá þörf myndi léttja mjög á þeim úrræðum til skammtímavistunar sem nú eru starfrækt og stytta þar biðtíma eftir skemmri dvalartímabilum. Því er fyrirhugað að skammtíma- vistunin í Skálatúni yrði með því sniði, en þó haft í huga hvernig best yrði komið til móts við þær þarfir á höfuðborgarsvæðinu sem brýnastar þykja á hverjum tíma.


Mosfellsbær hyggst nýta rými eftir því sem þörf krefur, en ljóst er að rými yrðu einnig í boði fyrir önnur sveitarfélög á svæðinu. Þess er að vænta að þeim rýmum yrði ráðstafað gegnum mats- og inntökuteymið.

Með þessu bréfi er hugmyndin kynnt og leitað svara við því, án skuldbindingar, hvort sveitar- félag þitt hefði hug á að nýta rými í þeirri skammtímavistun sem hér um ræðir. Gert er ráð fyrir að endurgjald fyrir þjónustuna yrði með sama sniði og tíðkað er í öðrum viðlíka úrræðum sem nýtt eru þvert á sveitarfélögin sem samráð hafa á þessum vettvangi.

Virðingarfyllst,

f.h. fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar


Ásgeir Sigurgestsson
verkefnastjóri þróunar- og gæðamála

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	15. 2. 2013
Málsnr:	130 22 17
Bréfal:	370

